



Spáum verðbólgu rétt undir markmiði í júní

Hagstofan birtir júnímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 27. júní. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,1% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 2,6% í 2,3%.


VNV hækkaði um 0,54% milli mánaða í maí. Sú mæling kom nokkuð á óvart en opinberar spár lágu á bilinu 0,3% til 0,4%. Við höfðum spáð 0,4% hækkun. Eins og í apríl skýrist munurinn á því að gengisáhrif komu sterkar fram í verðbólgunni en við áttum von á.

Helstu undirliðir í júní:

- **Föt og skór** hækka alla jafna milli mánaða í júní.
- Við reiknum með að verð á **mat og drykkjarvörum** hækki.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,1 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,3 prósentustig til lækkunar. Samantekið gerum við því ráð fyrir að reiknuð húsaleiga lækki um 0,2%.
- **Húsnæðisliðurinn án reiknaðrar húsaleigu** lækkar vegna lækkunar á viðgerðum og viðhaldskostnaði, en byggingarvísitalan fyrir júní lækkaði um 2,8% milli mánaða vegna tímabundinnar hækkunar á endurgreiðslum virðisaukaskatts af vinnu við byggingarframkvæmdir við íbúðarhúsnæði.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 1% milli mánaða.
- Nokkuð öruggt er að Hagstofan muni ekki breyta **flugfargjöldum til útlanda** milli mánaða þar sem millilandaflug liggur nánast niðri. Að öðrum kosti hefði þessi liður líklega hækkað, en flugfargjöld til útlanda hækka alla jafna milli mánaða í júní.

Evrar var um 4,5% ódýrari og Bandaríkjadalur 8,7% ódýrari í verðkönnunarvikunni í júní en í verðkönnunarvikunni í maí.

	Vægi í VNV	Breyting	Spá Áhrif
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	-0,5%	-0,07%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	-0,2%	-0,04%
Póstur og sími	1,5%	-0,8%	-0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	-0,2%	-0,01%
Húsgögn og heimilisb.	5,6%	-0,1%	-0,01%
Menntun	0,5%	-0,1%	0,00%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	0,0%	0,00%
Heilsa	4,3%	0,1%	0,00%
Kaup ökutækja	6,0%	0,1%	0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	4,5%	0,1%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,3%	0,01%
Tómst. og menning	10,1%	0,2%	0,02%
Bensín og díselolía	3,1%	1,0%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	6,4%	0,5%	0,03%
Matur og drykkjarv.	15,1%	0,3%	0,05%
Föt og skór	3,5%	2,0%	0,07%
Alls	100,0%		0,09%



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Spá okkar um breytingu milli mánaða í maí er 0,3 prósentustigi lægri en í síðustu spá, sem við birtum í kjölfar maímælingar Hagstofunnar. Skýrist munurinn af því að við lækkum spá okkar um húsnæðisliðinn auk þess sem krónan hefur styrkst síðan.

Verðbólga áfram við eða rétt undir markmiði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Júlí: -0,6% milli mánaða, 1,9% ársverðbólga
- Ágúst: +0,1% milli mánaða, 1,7% ársverðbólga
- Sept.: +0,2% milli mánaða, 1,8% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í maí og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

1. Gengi krónunnar

Gjaldeyrismarkaðurinn er mjög grunnur núna, meðal annars vegna samdráttar í utanríkisverslun og samkomulags milli Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða um að þeir síðarnefndu haldi að sér höndum í gjaldeyriskaupum. Það er því aukin hætta á að gengi krónunnar geti hreyfst mikið í frekar litlum viðskiptum.


2. Húsnæðisverð

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) lækkaði um 0,6% milli mánaða í maí. Skýrist þetta af 0,2% lækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga voru 0,4 prósentustig til lækkunar. Við gerum ráð fyrir því að aukið atvinnuleysi ásamt efnahagsþrengingum almennt muni draga úr eftirspurn með þeim afleiðingum að verðhækkanir verði afar hóflegar næstu mánuði. Gangi þetta ekki eftir mun framlag fasteignaverðs til verðbólgu verða hærra en við gerum ráð fyrir.

3. Alþjóðleg verðbólga


Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði lítil sem engin á yfirstandandi ári, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Mánaðarbreyting VNV í júní



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.